

2024-2025

Starfsáætlun Krakkalands – frístundaheimili Snælandsskóla



Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08.2026

Anna Karen Ágústsdóttir
Kópavogsbær
2024-2025

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Hagnýtar upplýsingar	2
Gjaldskrá og innheimta	4
Gjaldskrá	4
Innheimtuferli.....	4
Daglegt starf veturinn 2024-2025	5
Áherslur í starfi	5
Húsnæði.....	5
Dagskipulag í Krakkalandi	5
Klúbbastarf og Fagraland	6
Samstarf við skólann	6
Samstarf við íþróttafélög.....	7
Skólabragur í Krakkalandi	7
Einelti	8
Barnalýðræði	8
Samstarf við foreldra.....	8
Öryggi og verkferlar	9
Síðdegishressing	11
Innra og ytra mat.....	12
Innra mat	12
Ytra mat.....	13
Símenntunaráætlun	14
Listi yfir starfsfólk Krakkalands 2024-2025	14
Yfirlit yfir viðburði á skólaárinu.....	15

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er gert grein fyrir starfssemi Krakkalands, frístundaheimilis Snælandsskóla, í Kópavogi. Hlutverk Krakkalands er að bjóða upp á innihaldsríkt frístundastarf fyrir börn í 1.- 4. bekk skólans. Frístundaheimili eru hluti af starfi grunnskólanna og starfa á grundvelli 33. greinar grunnskólalaga (91/2008). Í daglegu starfi frístundaheimila er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám með virkri þátttöku í frístundastarfi í öruggu umhverfi. Börnin fá tækifæri til að takast á við verkefni sem hæfa aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á að flétta grunnþætti menntunar, sem eru *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*, inn í daglegt starf. Öll börn, óháð getu, þroska eða fötlun skulu eiga kost á að taka þátt í því starfi sem þar fer fram á sínum forsendum. Skipulag frístundar miðast við aldur og þroska barna frá 1.– 4. bekk og skulu skólar gera ráðstafanir til að hvetja alla árganga til þátttöku. Samvinna frístundastarfs við íþrótt- og tómstundafélög og leikskóla miðar að því að gera vinnudag barnanna heildstæðan. Starfsfólk frístundaheimila skal koma fram við börnin af virðingu og hlýju.

Skólastjórar eru yfirmenn frístundastarfs í skólunum og bera ábyrgð á faglegu starfi og á að framkvæmd þess sé í samræmi við stefnu bæjarins í málaflokknum. Skólastjóri sér um að ráða forstöðumann sem ber ábyrgð á að skipuleggja og stjórna daglegu starfi. Forstöðumaður getur óskað eftir ráðgjöf frá sérmenntuðum ráðgjafa á sviði tómstundamála.

Á skólaárinu 2024 - 2025 er starfsáætlun fyrir frístund birt í níunda sinn. Forstöðumaður sér um að skrifa og uppfæra starfsáætlunina fyrir frístundaheimilið árlega. Starfsáætlun er kynnt og samþykkt í skólaráði í byrjun skólaárs og skilað til menntaráðs fyrir 1. október ár hvert. Starfsáætlun birtist jafnframt á heimasíðu skólans og er upplýsinga- og kynningarit fyrir foreldra, starfsfólk og aðra þá er starfið varðar.

Hagnýtar upplýsingar

Frístundaheimili Snælandsskóla heitir Krakkaland og er staðsett í Fagralundi skólaárið 2024-2025. Börnin völdu sjálf nafn á frístundina sína haustið 2015 og héldu kosningar í kjölfarið þar sem Krakkaland fékk flest atkvæði. Í Krakkalandi eru skráð u.þ.b. 96 börn úr 1. og 2. bekk og auk þess eru um 68 börn skráð í frístund í Fagralandi (3. og 4. bekkjarstarf) þetta skólaár.

Fjöldi barna eftir aldri

1. bekkur: 51

2. bekkur: 45

3.bekkur: 36

4.bekkur: 32

Samtals: 164

Forstöðukona Krakkalands er Anna Karen Ágústsdóttir og er hún með B.A. gráðu í uppeldis- og menntunarfræði og M.A. gráðu í forystu- og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun. Hægt er að ná sambandi við Önnu Karen í tölvupósti annakar@kopavogur.is eða í síma 441 4232. Aðstoðarforstöðukona Krakkalands er Guðrún Lilja Ingvarsdóttir. Hægt er að hafa samband við Guðrúnu Lilju í tölvupósti gudruni@kopavogur.is.

Opnunartími

Krakkaland er opið frá 13:30 til 16:30 alla kennsludaga. Einnig er opið flesta starfsdaga, á foreldraviðtalsdögum skólans og í jóla- og páskafríi. Lokað er á skólasetningardegi og auk þess er einn starfsdagur á önn, þar sem starfsfólk frístundaheimilisins undirbýr starfið. Lokað er í vetrarfrí og á Þorláksmessu. Á blaðsíðu 13 má sjá yfirlit yfir opnunardaga í Krakkalandi.

Opnun í jóla- og páskafríum og í skólaslitaviku

Á skólaárinu 2024-2025 verður boðið upp á opnun í jóla- og páskafríi. Krakkaland verður opið í jólafríi skólans fram að Þorláksmessu og á virkum dögum í Dymbilvikunni. Þar að auki er opið á virkum dögum í vikunni sem skólaslit fara fram til að brúa bilið þar til sumarnámskeið hefst. Frístundaheimili eru lokað á Þorláksmessu, aðfangadag og gamlársgangur.

Opnunartími í jóla- og páskaopnun er frá kl. 8:00 til 16:00. Börnin hafa með sér þrjú nesti, fyrir morgunhressingu, hádegismat og síðdegishressingu. Lágmarksfjöldi skráðra barna hvern dag eru 8 börn. Ef opnunartími skerðist vegna takmarkaðrar skráningar verður það tilkynnt þegar skráning liggur fyrir. Sækja þarf sérstaklega um dvöl fyrir viðkomandi daga inn á þjónustugátt og greitt er sérstaklega fyrir þessa daga.

Forföll og tilkynningar

Forföll og aðrar upplýsingar þarf að tilkynna fyrir kl. 12 hvern dag á netfangið

krakkaland@kopavogur.is eða í síma 441 4232. Einungis er í boði að hringja í okkur eftir klukkan 13:00 ef um neyðartilvik er að ræða. Foreldrar sækja ýmist börn sín eða geta leyft þeim að labba heim á ákveðnum tímum. Mikilvægt er að starfsfólk hafi skýrar upplýsingar varðandi heimferðir barnanna og að þær berist á réttum tíma.

Gjaldskrá og innheimta

Gjaldskrá

Skráning í Krakkaland fer fram á netinu, í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Hægt er að velja hálfa og heila tíma. Viðkomandi þarf að vera með íslykil eða rafræn skilríki til að geta skráð sig inn í þjónustugáttina. <https://ibuagatt.kopavogur.is/login.aspx?ReturnUrl=%2fdefault.aspx>

Umsóknir og breytingar taka gildi um leið og forstöðumaður frístundar hefur samþykkt þær. Kerfið reiknar strax út breytingar varðandi gjöld og kemur leiðrétting næstu mánaðarmót á eftir. Afsláttur er veittur einstæðum foreldrum, öryrkjum (75% örorka eða meira) og námsmönnum (báðir foreldrar í námi). Afsláttur er ekki veittur afturvirkur.

Gjaldskrá má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar: <http://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

Innheimtuferli

Innheimta dvalargjalda fyrir frístund fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt fyrirfram.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.
- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveimur mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Daglegt starf veturinn 2024-2025

Áherslur í starfi

Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á innihaldsrík frístundastarf fyrir öll börn á yngsta stigi grunnskóla sem einkennist af frjálsum leik og vali. Þannig aðstoða þau fjölskyldur við að sameina fjölskyldu- og atvinnulíf og gefa börnunum kost á auknu sjálfstæði innan vissra marka og skapa eigin menntaferla. Áhersla er lögð á að byggja upp barnamiðað starf þar sem öll börn geta fundið verkefni og leik eftir sínum áhugamálum, fengið að prófa fjölbreytt tómstundastarf og þróa þannig persónuleika sinn í gegnum leik og skapandi starf.



Húsnæði

Haustið 2020 fluttist Krakkaland alfarið yfir í fundar- og veislusal í húsnæði Fagralunds og fer þar daglegt starf fram. 3. og 4. bekkjar starfið hefur frá ágúst 2017 verið í öðrum fundarsal í Fagralundi sem heitir Fagraland. Þar er boðið upp á frjálsan leik, skapandi starf og klúbbastarf. Auk þess nýtir Krakkaland eftirtaldir stofur í skólanum fyrir hópa- og klúbbastarf:

- Gamla íþróttasalinn
- Tölvustofu
- Bókasafn skólans

Dagskipulag í Krakkalandi

Krakkaland opnar um leið og hefðbundinni kennslu lýkur hjá yngsta stigi skólans. Krakkarnir byrja alla daga á útiveru ef veður leyfir. Eftir útiveru er síðdegishressing og svo hefst frjálst val og hópastarf þar sem börnin geta skráð sig í þá hópa sem eru í boði. Frjáls leikur og hópastarfi lýkur kl. 16:00 og þá sameinast börnin og starfsfólk í Krakkalandi og þá er róleg stund þar til þau eru sótt.

Skráningatafla

Á töflu í anddyri Krakkalands fer fram skráning í val og hópastarf auk þess sem þar eru skráðar allar rútur og æfingar sem börnin sækja. Sambærilega töflu er einnig að finna í Fagralandi. Taflan einfaldar foreldrum, börnunum og starfsmönnum að sjá hvar barnið er á hverjum tíma um leið og

börnin læra að taka ábyrgð. Lögð er áhersla á að kenna börnunum að halda sjálf utan um eigin skráningu. Áhersla er lögð á að börnin fái tækifæri til að velja sjálf hvað þau gera á hverjum degi. Með fjölbreyttu starfi og möguleika á sjálfskráningu læra börnin að bera ábyrgð á vali sínu. Kerfið er krefjandi bæði fyrir starfsmenn og börn. Starfsmenn þurfa að halda vel utan um skráninguna, minna börnin á að skrá sig rétt og aðstoða foreldra og forráðamenn við að finna börnin sín. Mikilvægt er að börnin læri að nota töfluna rétt og virða mikilvægi hennar.



Klúbbastarf og Fagraland

Fagraland er frístund fyrir börn í 3. og 4. bekk. Markmiðið er að bjóða upp á fjölbreytt starf fyrir þennan aldurshóp til að koma til móts við þeirra þarfir. Einu sinni í mánuði er föstudagsfjör í Fagralandi þar sem 3. og 4. bekkur fær að gera eitthvað skemmtilegt og fjölbreytt saman.

Frístundaleiðbeinendur halda utan um starfið.

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir klúbbastarfið á haustönn 2024. Skipulagið er endurskoðað um áramót og breytingar gerðar í samráði við börnin.

Mánudagar	Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar	Föstudagar
Bókasafnslúbbur: Magnús	Barnaráð 2.B: Starfsfólk	Barnaráð 1.B: Starfsfólk	Íþróttahópur: Starfsfólk	Ípadhópur: Magnús
Barnaráð 3.& 4.B: Starfsfólk	Íþróttahópur: Starfsfólk			Bíó/Just Dance: Starfsfólk

Ath. Með fyrirvara um breytingar. Klúbba- og hópastarfið er í stöðugri þróun.

Samstarf við skólann

Gott samstarf milli skóla og frístundaheimilis er lykilatriði í því að styðja sem best við þroska og líðan barna í skólanum. Lagagrein í grunnskólalögum um frístundastarf (gr. 33a, 91/2008) gerir ráð fyrir að skóla- og frístundastarf sé samþætt með það að markmiði að bjóða upp á heilstæðan skóladag fyrir börnin. Auk þess er lögð áhersla á gott upplýsingaflæði á milli Krakkalands og

kennara skólans. Forstöðumaður Krakkalands sækir alla starfsmanna-, deilda- og kennarafundi og situr teymisfundi vegna barna með sérþarfir.

Samstarf við íþróttafélög

Krakkaland er í samstarfi við íþróttafélög Kópavogs. Breiðablik, Gerpla og HK hafa undanfarin ár boðið yngstu iðkendum sínum í 1-4. Bekk uppá frístundaakstur með stuðningi frá Kópavogsbæ. Samstarfið felst í því að börnin eru send í rútur á æfingar. Allar rútur leggja af stað frá Fagralundi. Starfsfólk Krakkalands sér til þess að börnin leggja tímanlega af stað og fari örugglega með rútunni. Einnig eru börnin send á æfingar í nágrenninu. Skráning í frístundaakstur fyrir haust 2024 fer fram í Sportabler (Gerpla og HK) og XPS (Breiðablik). Gjald fyrir frístundaakstur er 11.200 kr. fyrir önnina. Allar ábendingar um tímasetningar þurfa að berast til þeirra.

Því miður geta krakkarnir ekki skipt um föt í skólanum fyrir æfingar. Best er ef krakkarnir mæta í fötum sem þeir geta síðan æft í svo þeir þurfi aðeins skipta um skó áður en farið er á æfingu. Mikilvægt er að forráðafólk skrái íþróttir barna sinna í Völuna undir frístundaakstur ef óskað er eftir því að barn sé sent í rútú. Þar þurfa að koma fram upplýsingar um íþróttagrein, tíma og hvort/hvaða rútú barnið á að taka.

Skólabragur í Krakkalandi

Krakkaland er staður fyrir börn. Áhersla er lögð á að börnunum finnist gaman í Krakkalandi og að allir finni viðfangsefni við sitt hæfi og áhuga. Reynt er að koma til móts við óskir og athugasemdir barnanna með fjölbreyttum svæðum og tómstundastarfi.

Reglur í Krakkalandi endurspeglar þessi áherslur:

- Við erum öll vinir.
- **Við berum virðingu hvert fyrir öðru.**
- Við virðum skráningatöfluna og pössum okkur að færa enga miða nema okkar eigin.
- Við skráum okkur inn og út úr Krakkaland og pössum upp á að miðinn okkar sé alltaf á réttum stað.
- Við göngum inni og megum hlaupa úti.
- **Við erum bara á þeim svæðum sem við megum vera á, bæði inni og úti.**

Einelti

Krakkaland er hluti af skólastarfi Snælandsskóla. Skólinn er Olweusarskóli og vinnur margvisst gegn einelti. Krakkaland tekur þátt í öllum uppákomum tengdum áætluninni svo sem í Vinagöngu og öðrum uppbrotsdögum.

Í daglegu starfi er ýtt undir jákvæð samskipti milli barna, bæði í leik og í samræðum. Fylgst er með vinasamböndum barnanna og reynt að skoða allar hliðar máls þegar ágreiningur kemur upp. Eftir bestu getu er komið í veg fyrir einelti með því að styðja við jákvætt samband á milli barnanna og stuðla að því að öll börnin eignist vini.

Þegar tilkynning berst um grun um einelti er farið eftir Oelweusar áætlun og unnið í málinu í samstarfi við bekkjakennara, námsráðgjafa, skólastjórn og aðra sem að málinu koma.



Barnalýðræði

Starfsemi Krakkalands mótast í samvinnu milli barnanna, starfsfólksins og annarra aðila svo sem foreldra, kennara og íþróttafélaga. Hugmyndir barnanna um innra starfið í Krakkalandi eru ræddar og framkvæmdar eftir bestu getu. Svokallaður hugmyndakassi er alltaf uppi þar sem börnin geta alltaf skrifað hugmyndir sínar á blað og sett í kassann. Reglulega förum við í sameiningu yfir hugmyndirnar sem safnast hafa í kassann og reynum að framkvæma flottar og skemmtilegar hugmyndir.

Starfandi Barnaráð er í Krakkalandi. Barnaráðið fer yfir  hugmyndir úr hugmyndakassanum og á þessum fundum gefst börnunum einnig tækifæri á að láta skoðanir sínar í ljós er varðar frístundastarfið og við tölum um réttindi okkar og hlutverk.



Samstarf við foreldra

Foreldrasamstarf er mikilvægur hluti af daglegu starfi í Krakkalandi og á sér stað bæði í gegnum óformleg samtöl í lok dags þegar foreldrar sækja börnin sín en einnig í gegnum tölvupóst, símtöl og facebook síðu sem forstöðufólk Krakkalands heldur utan um. Þar eru settar inn upplýsingar um daglegt starf og viðburði svo sem starfsdaga, uppbrotsdaga eða annað.

Starf Krakkalands er kynnt í Vorskóla fyrir foreldrar barna í verðandi 1. bekk og í byrjun hvers skólaárs í sömu viku og námskynningar eru. Á skólaárinu 2024-2025 leggjum við áherslu á að þróa samstarfið við foreldra markvisst áfram.

Öryggi og verkferlar

Verkferlar eru mikilvægir í daglegu starfi með börnum í Krakkalandi. Öllum starfsmönnum eru kynntir verkferlar reglulega og þeir yfirfarnir árlega.

1. Inn- og útskráning barna

Innskráning barna í 1. og 2. bekk fer fram þegar skóladegi þeirra lýkur milli 13:30 og 14:10. Þau eru sótt af starfsfólki Krakkalands í skólann og labba saman yfir í frístund. Innskráning barna úr 3. og 4. bekk fer fram í Fagralandi.

Útskráning barna er á hendi eins til tveggja starfsmanna. Þau halda utan um allar skráningar, aðstoða foreldra við að finna börnin og senda börn í rútur, á æfingar og heim.

2. Barn mætir ekki

Þegar barn úr 1. -4. bekk mætir ekki í Krakkaland er fyrst gengið úr skugga um að barnið hafi komið í skólann eða hvort skýring er á fjarveru þess. Ef engin skýring fæst er haft samband við foreldra og hafin leit.

3. Barn týnist

Þegar barnið týnist í Krakkalandi er hafin leit og gengið úr skugga um hvort barnið sé ennþá í skólabyggingunni eða á skólalóð. Starfsfólk frístundar skipta liði við leitina.

Ef leitin ber engan árangur er hringt í foreldra barnsins og athugað hvort barnið hafi farið heim, til fjölskyldumeðlims eða til vinar. Ef það skilar ekki árangri er hringt í lögreglu í samráði við foreldra.

4. Á ferð með börnum

Ferðir með börnum eru ekki hluti af daglegu starfi í Krakkalandi heldur eru það sérstakir viðburðir.

Öll börn eru klædd í gul endurskinsvesti í ferðum. Það eru alltaf a.m.k. 2 starfsmenn með hópinn nema um mjög lítinn hóp (<8 börn) sé að ræða. Þriðji starfsmaðurinn bætist við þegar hópurinn er stærri en 16 börn (lengri ferðir).

Börnin ganga í röð með einum starfsmanni fyrir framan hópinn og öðrum fyrir aftan. Þriðji starfsmaðurinn er staðsettur við hliðina á röðinni. Þegar komið er í öruggt umhverfi mega börn hreyfa sig frjálst.

Þegar gengið er yfir götu, skulu starfsmenn gæta þess að öll börnin nái að ganga yfir á sama tíma. Einungis er farið yfir götu á merktum gangbrautum og þurfa starfsmenn að gæta þess að börnin séu sýnileg öikumönnum.

5. Tómsundavagninn

Starfsfólk Krakkalands sendir börn í rútur á æfingar, óski foreldrar eftir því. Nauðsynlegt er að skrá tómsundir og rútuferðir í Völuna. Gott er að senda póst krakkaland@kopavogur.is ef breytingar verða á tómsundum eða rútuferðum yfir veturinn. Ekki er nóg að barnið eitt viti að það eigi að taka rútú. Allar rútur stoppa við Fagralund.

Starfsmaður sem hefur það hlutverk að senda börn í rútú byrjar 15 mínútum fyrir brottför að safna þeim saman og senda af stað. Börnin skrá sig úr Krakkalandi og bíða eftir rútunni. Starfsmaður með nafnalista er við rútuna til að vera viss um að öll börnin hafi skilað sér.

Ef barn missir af rútunni er hringt um leið í foreldra og fundin lausn í samráði við þá.

6. Minniháttar meiðsli

Minniháttar meiðsl, svo sem lítil sár eru yfirleitt meðhöndluð með plástri og vatnssopa. Þegar um stærri óhöpp er að ræða, stór sár eða starfsmaðurinn er óöruggur um alvarleika óhapps er barnið sent til skólahjúkrunarfræðings sem ákveður hvað best er að gera. Ef hún er ekki við, er hringt í foreldra og næstu skref tekin í samráði við þá.

7. Alvarleg slys

Hringt er á sjúkrabíl ef um alvarleg slys er að ræða. Mikilvægt er að einn starfsmaður sinni barninu og annar hefur samskipti við neyðarlínuna. Annað starfsfólk hlúir að og heldur ró hjá hinum börnunum.

8. Ofnæmiskast

Börn með bráðaofnæmi eiga að vera með ofnæmispena, annað hvort í töskunni sinni eða í skáp í Krakkalandi. Ef barn fær alvarlegt ofnæmiskast, fær það sprautu og hringt er á sjúkrabíl um leið. Haft er samband við foreldra. Þegar um væg ofnæmisviðbrögð er að ræða er hringt í foreldra og ráðstafarnir gerðar í samráði við þá.

9. Rýmingaráætlun

Þegar brunabjallan hringir fylgja börn sem eru í Krakkalandi sömu reglunum og gilda í skólanum. Þá fer starfsfólk með þeim út um næstu útihurð og allir safnast saman á gervigrasi, mynda þar einfalda röð fyrir framan tölu síns árgangs.

Starfsfólk skiptir hlutverkum sín á milli til að yfirfara húsnæðið á stuttum tíma og koma örugglega öllum börnum úr húsi. Það fer eftir því á hvaða svæði þeir vinna hverju sinni:

Bruna- og rýmingaráætlun fyrir nýtt húsnæði Krakkalands í Fagralundi er í vinnslu.

Skráning: Starfsmaður sem sér um skráningu ber ábyrgð á því að öll börn séu rétt skráð. Hann tekur með sér skráningaripad á gervigras. Þar merkir hann við öll börnin svo að öruggt sé að ekkert barn vanti. Starfsmaður fer út með börnunum og lætur þau fara í röð eftir árgöngum.

Starfsmaður sem sendir í rútur: Starfsmaður sem sendir í rútur fer síðastur út úr Krakkalandi. Hann yfirfer öll rými og klósettin. Svo fer hann út til barnanna og starfsmanns sem annast skráningu og aðstoðar þar.

Sérsvæði (íþróttasalur, tölvustofa, o. sv.fr.): Starfsmenn á sérsvæðum láta börnin sín fara í röð og mæta með þeim út á gervigrasið.

Forstöðumaður: Forstöðumaðurinn hefur eftirlit, sérstaklega með þeim starfsmönnum sem eiga að yfirfara húsið og fylgst með því að þeir séu allir mættir á gervigrasið.

Síðdegishressing

Síðdegishressingin fer fram í Krakkalandi fyrir 1. og 2. bekk þar borða börnin eftir útiveruna kl. 14:00. Síðdegishressing fyrir börn í 3. og 4. bekk fer fram í Fagralandi. Ávaxtabitar og afgangar eru gjarnan í boði seinni part dagsins, milli 15:30 og 15:45.



Dæmi um matseðil:

Matseðill Krakkalands Ágúst/ September					
	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös
Vikan 26-30 ágúst	Brauð með skinku	Brauð með kæfu	Tortilla með smurosti	Brauð með bláberjasultu	Súkkulaðibitakökur
	Tómatar	Banani	Perur	Appelsínur	Epli
Vikan 2-6. sept.	Flatkökur með hangikjöti	Brauð með banana	Jógúrt með músli	Polarbrauð með skinku	Kleinur
	Epli	Paprika	Banani	Appelsínur	Perur
Vikan 9-13. sept.	Tortilla með smurosti	Brauð með eggjum og gúrku	Brauð með kæfu	Brauð með spægipytsu	Pizzasnúður
	Agúrka	Melóna	Appelsínur	Vínber	Epli
Vikan 16-20. sept.	Flatkökur með hangikjöti	Brauð með sultu	Jógúrt með músli	Polarbrauð með skinku	Kanilsnúður
	Perur	Paprika	Epli	Appelsínur	Vínber
Vikan 23-27. sept.	Brauð með banana	Brauð með eggjum og gúrku	Tortilla með smurosti	Brauð með kæfu	Ostaslaufa
	Melóna	Vínber	Appelsínur	Epli	Paprika

Innra og ytra mat

Innra mat

Frístundaheimilið mótar kerfisbundið innra mat á árangri og gæðum starfsins. Innra mat skal vera samofið starfseminni og byggja á fjölbreyttum gögnum. Tekið skal mið af viðfangsefnum hverju sinni og mikilvægt að börn, foreldrar og starfsfólk taki þátt í matinu eftir því sem við á. Innra mat er umbótamiðað og birtist á heimasíðu skóla.

Á skólaárinu 2024-2025 ætlum við áfram að einbeita okkur [Réttindaskólaverkefni Unicefs](#) sem er um leið liður í virkjun á [Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðana](#). Við höldum áfram að þróa innihaldsríkt frístundastarf fyrir þann aldurshóp sem tekur mið að áhuga þeirra og gerir þeim kleift að taka virkan þátt í að hafa áhrif á starfið. Við munum bjóða uppá heimalestur einu sinni í viku fyrir fjöltyngdu börnin hjá okkur og einnig munum við leggja áherslu á gefðu 10 aðferðina.

Við viljum leggja áherslu á alls kyns læsi í umhverfi okkar og notumst við frístundalæsi þar sem farið verður m.a. í félagslæsi, lista- og menningarlæsi, heilsulæsi og náttúru-og umhverfislæsi.

Við fáum foreldra í lið með okkur til að kenna börnunum að bera ábyrgð á skráningunni sinni og viljum um leið bæta samskipti okkar við foreldra, bæði með óformlegum samtölum í lok dags og með formlegum upplýsingum frá Krakkalandi.

Ytra mat

Kópavogsbær ber ábyrgð á ytra mati frístundaheimila. Matið skal vera umbótamiðað og á ábyrgð sveitarstjórn að tryggja að viðeigandi umbætur verði gerðar. Við matið er stuðst við margs konar gögn og birtast sem hér segir:

Tölulegar upplýsingar: Í október ár hvert er gefnar út lykiltölur í skólastarfi þar sem birtast meðal annars tölur um frístundastarf s.s. fjölda barna í frístundaheimilum.

Starfsáætlun: Starfsáætlun er skilað árlega inn til Menntaráðs. Menntaráð fer yfir áætlunina og metur hvort hún sé í anda stefnu bæjarins í málefnum frístundastarfs.

Viðhorfa kannanir: Annað hvert ár eru viðhorf foreldra til starfsins könnuð.

Úttekt á innra starfi: Fimmta hvert ár er fengin utanaðkomandi fagaðili til að taka út innra starf frístundaheimilisins og hópastarfs. Skoðað er hvort stefna og starfsáætlun birtist í starfinu og hvernig innra mat og umbótaáætlun í kjölfar þess er samofin starfseminni.

Úttekt á ytra umhverfi: Kópavogsbær ber ábyrgð að að taka reglulega út skólalóðir- og húsnæði.

Þjónustukönnun

Þjónustukönnun frístunda í Kópavogi var send út 15. Janúar 2024 og var opin í 2 vikur. Tilgangur með könnunni var að fá fram skoðanir foreldra á gæðum frístundastarfs í Kópavogi með það markmið að fá fram það sem vel er gert og bæta það sem betur má fara.

Heilt yfir kom Krakkaland vel út í þjónustukönnuninni. Foreldrar voru ánægðir með starfsfólk Krakkalands og tóku það fram að starfsfólk er kurteist, frábært og gott fólk. Óskilamunir hjá okkur er til fyrirmyndar og reynum við að sinna þeim jafnt og þétt yfir skólaárið. Við tökum reglulega myndir af óskilamunum og setjum inn á facebook síðu Krakkalands. Það var einnig nefnt að það sé hreint og snyrtilegt hjá okkur og munum við halda því þannig.

Það sem foreldrum fannst þurfa að bæta var að sjá dagskrá og matseðil fyrir vikuna í Krakkalandi. Við höfum sett inn eftir þessar athugasemdir matseðil og dagskrá fyrir mánuðinn inná facebook síðu hópsins og sent út póst. Ef einhverjar breytingar eru á dagskrá þá er sent út tilkynning til foreldra.

Foreldrum fannst hljóðvistin ekki góð og það var sett upp hljóðísogsplötur til að bæta hljóðvistina og breytti að miklu fyrir alla og það varð minni notkun á heyrnahlífum hjá börnum.

Símenntunaráætlun

Endurmenntun starfsmanna á sér stað á skipulagsdögum. Á skólaárinu 2024-2025 höldum við áfram að leggja áherslu á [Réttindaskólaverkefni Unicefs](#) með starfsfólki, jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við börnin ásamt þróunarvinnu að fjölbreyttu og skemmtilegu hópastarfi.

Listi yfir starfsfólk Krakkalands 2024-2025

Anna Karen Ágústsdóttir	Forstöðukona
Guðrún Lilja Ingvarsdóttir	Aðstoðarforstöðukona
Hekla Maídis Sigurðardóttir	Frístundaleiðbeinandi
Magnús Kjartansson	Skólaliði og frístundaleiðbeinandi
Elíott Þorsteinsson	Frístundaleiðbeinandi
Ewelina Anna Chroscielewska	Stuðningsfulltrúi og frístundaleiðbeinandi
Hinrik Jón Stefánsson	Frístundaleiðbeinandi
Ingvar Pálmi Vilhjálmsson	Frístundaleiðbeinandi
Lilja Björg Arnardóttir	Frístundaleiðbeinandi
Liudmyla Vovnenko	Skólaliði og frístundaleiðbeinandi
Ursella Badaru	Skólaliði og frístundaleiðbeinandi

Yfirlit yfir viðburði á skólaárinu

2024

12.-22. ágúst	Sumardvöl fyrir börn í 1.bekk, opið 8:00-16:00
23. ágúst	Skólasetningadagur, skipulagsdagur í Krakkalandi
8. október	Skipulagsdagur Snælandsskóla og Krakkaland opið 8:00-16:00
23. október	Foreldradagur, skertur skóladagur
24.-25. október	Vetraleyfi, Krakkaland lokað
13. nóvember	Skipulagsdagur Snælandsskóla og Krakkalands
19.-20. desember	Jólaskemmtun, skertur skóladagur
27.-30 desember	Jólaleyfi, Krakkaland er opið 8:00- 16:00 lágmarksfjöldi: 8 börn

2025

2.janúar	Jólaleyfi, Krakkaland opið 8:00-16:00
20.janúar	Skipulagsdagur, Krakkaland opið 8:00-16:00
4. febrúar	Foreldradagur, skertur skóladagur
24. - 25.febrúar	Vetraleyfi, Krakkaland lokað
5. mars	Öskudagur, skertur skóladagur
12. mars	Skipulagsdagur Snælandsskóla og Krakkalands
14-16. apríl	Páskaleyfi, Krakkaland er opið ef lágmarksfjöldi næst: 8 börn
24. apríl	Sumardagurinn fyrsti, Krakkaland lokað
16. maí	Skipulagsdagur, Krakkaland opið 8:00-16:00
5.júní	Vorleikar Snælandsskóla, skertur skóladagur
6.júní	Vorhátíð Snælandsskóla, skertur skóladagur
10. júní	Skólaslit, Krakkaland opið til kl.16:00
11-12. júní	Skipulagsdagar, Krakkaland lokað